

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla 6 þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda 18. jan. auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 148 4. nóvember 1946.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. janúar 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna 7 í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. 18. jan. janúar 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð fullnaðarprófsbarna í Reykjavík.

1. gr.

Stofnandi sjóðs þessa er fyrrverandi skólastjóri Miðbæjarskólans í Reykjavík, Hallgrímur Jónsson.

2. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður fullnaðarprófsbarna í Reykjavík“.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund — krónur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum, eða á annan öruggan hátt, að dómi stjórnar hans.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helmingi ársvaxta sjóðsins skal verja til verðlaunanna, samkvæmt skipulagsskrá þessari, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita árlega 3 fullnaðarprófsbörnum, úr barnaskólum um Reykjavíkurbæjar, verðlaun af ofangreindum hluta vaxta sjóðsins, fyrir frábæra meðferð íslenzkrar tungu. Verðlaunaritgerðirnar skulu bera nokkurn vott um málvendni, leikni og snilli. Íslenzkupraófdómarar barnaskólanna og vel ritfær málhreinsunarmaður, sem fræðsluráð bendir á, skulu dæma börnunum verðlaunin. Keyptar skulu bækur fyrir verðlaunapeningana. Séu þær ritaðar á gullaldarmáli. Efni bókana skal vera sómasamlegt. Skólastjóri þess skóla, sem barnið er í, sem verðlaunin fær, riti nafn barnsins á bók þess og geti um, fyrir hvað verðlaunin séu veitt.

7

7. gr.

18. jan. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er fræðslumálastjóri útnefnið, til tveggja ára í senn. Meðal þeirra skal vera formaður Kennarasambands Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, verðlaunaveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld hans og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Ársreikninga sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

8

REGLUGERÐ

19. jan.

um viðauka við reglugerð nr. 130 23. sept. 1947, um vöruskömmtnun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skömmtnunarstjóra er heimilt, að fengnu samþykki viðskiptanefndar, að ákveða með auglýsingu samkvæmt því er segir í 3. gr., 3. mgr., að innflytjendum eða framleiðendum sé óheimilt að afhenda tilteknar skömmtnunarvörur nema gegn sérstökum innkaupaheimildum frá skömmtnunarskrifstofu ríkisins, og að reitir af gildandi skömmtnunarseðlum séu þá ekki jafnframt löglegar innkaupaheimildir handa innflytjendum né framleiðendum skömmtnunarvara innanlands, enda setji viðskiptanefnd reglur um veitingu þessara innkaupaheimilda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947 og lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. janúar 1949.

Emil Jónsson.

Dórhallur Ásgeirsson.